

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. október 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög o.fl., 12. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög og lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Breytingarnar eru þríþættar; í fyrsta lagi er um að ræða ýmsar breytingar til undirbúnings þess að tekin verði í notkun rafræn fyrirtækjaskrá. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu miða breytingarnar að því að gera einstaklingum og lögaðilum kleift að útbúa rafrænt stofngögn vegna stofnunar hlutafélaga og einkahlutafélaga, undirrita rafrænt og senda til hlutafélagaskrár auk þess sem tillögunum er ætlað einfalda samþykktir félaga svo ekki þurfi að gera á þeim breytingar vegna minniháttar breytinga á rekstri félaga. Samtökin telja slíka nútímavæðingu fyrirtækjaskrár vera orðna vel tímabæra og fagna þessum áformum heilshugar.

Í öðru lagi er í frumvarpinu að finna breytingar á því ákvæði hlutafélagalaga sem lýtur að heimildum skráðra félaga til kaupa á eigin hlutum. Ákvæðið kom nýtt inn í lögina á árinu 2010 og var markmið þess sagt vera að stuðla að auknu jafnræði meðal hluthafa og koma í veg fyrir að félag geti haft ótilhlýðileg áhrif á verðmyndun hlutabréfanna með kaupum á eigin hlutum. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu var breytingin meðal annars gerð með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 228/2009. Komið hefur fram mikil gagnrýni á ákvæðið og breyting sem hér er lögð til ætlað að koma til móts við athugasemdir um að ákvæðin óvissa ríki um rétt viðmiðunargengi í slíkum viðskiptum. Sú breyting sem hér er lögð til mun þannig auðvelda fyrirtækjum að einhverju leyti að framfylgja endurkaupaáætlunum sínum og er sú breyting góðra gjalda verð en ljóst er að ganga þarf miklu lengra til að koma til móts við önnur augljós vandkvæði á ákvæðinu.

Rétt þykir að taka fram að jafnræði hluthafa er þegar tryggt í 76. gr. hlutafélagalaga þar sem segir: „*Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.*“ Þær aðstæður sem breytingin á ákvæðinu var ætlað að koma í veg fyrir voru nú þegar bannaðar og ákvæði 55. gr. því óþarft og hamlar þar að auki eðlilegum viðskiptum skráða félaga með eigin bréf. Sé engu að síður talin þörf á sérstöðu ákvæði um þetta atriði þá eru aðrar vægari leiðir færar þar sem betra meðalhófs væri gætt. Mætti til dæmis breyta reglum sem giltu um ákvörðun hluthafafundar um kaup á eigin bréfum þannig að gerð yrði krafa um aukin meirihluta í samræmi við önnur ákvæði hlutafélagalaga um minnihlutavernd. Önnur leið hefði verið að banna kaup á eigin bréfum á yfirverði „utan bókar“ þannig að félag sem þyrfti að kaupa eigin bréf gætu engu að síður sett inn kauptilboð í kauphöll innan þeirra marka sem hluthafafundur hefur ákveðið enda hefur þá hver sem er kost á að ganga að því tilbodi. Enn önnur leið væri að bannið tæki aðeins til kaupa á eigin bréfum á yfirverði af tengdum aðilum og láta takmörkunina gilda í tiltekinn

tíma eftir að slíkir aðilar hafa látið af störfum. Eru þessar hugmyndir ekki tæmandi en grundvallast allar á þeirri forsendu að ekki sé gengið lengra við að setja tálma á hvernig fyrirtæki megi standa að rekstri sínum en nauðsynlegt þykir.

Varðandi orðalag í athugasemdum um að ætlað sé að koma í veg fyrir að félag geti haft ótilhlýðileg áhrif á verðmyndum hlutabréfanna með kaupum á eigin hlutum er rétt að benda á að slíkt er nú þegar bannað með ákvæðum laga um verðbréfavíðskipti nr. 107/2008. Er því hér verið að stefna með hlutafélagalögin inn á svið sem heyrir með réttu undir aðra löggjöf. Þá útilokar ákvæðið ennþá að fjármálafyrirtæki geti haft viðskiptavakt með eigin bréf þó að ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 geri beinlínis ráð fyrir að slíkt sé heimilt.

Þá er bent á að með þessu er jafnframt gengið mun lengra en í nágrennalöndunum sem er varhugavert í ljósi þess að fjöldi viðskipta og velta á skipulegum verðbréfamörkuðum héraendis er mun minni en annarsstaðar. Er því ákvæðið sérstaklega hamlandi við íslenskar aðstæður þar sem að viðskipti eru mjög strjál í mörgum félögum á markaði.

Þá er að lokum í frumvarpinu að finna tillögu um að fallið verði frá skyldu félaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli til að sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár. Í staðinn eiga félögin að veita upplýsingar um kynjahlutföllin í ársreikningi sínum. Er sú breyting sögð vera til einföldunar bæði fyrir félögin og skráarsvið ríkisskattstjóra. Samtökin gera enga athugasemd við þessa tilhögun.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Berglora Halldórsdóttir